

Alþingi  
Erindi nr. P 136/586  
komudagur 17.12.2008

**Tillögur að breytingum  
á frumvarpi til laga um breyting á lögum um nr. 129/1997, um  
skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, með síðari  
breytingum, sbr. þingskjal 297 – 219. mál.**

1. brtt.

Eftirfarandi breytingar verða á 11 gr. frumvarpsins:

- a. Í stað orðsins „lífeyrissparnaðarreikningar“ í 1. mgr. kemur: innlánsreikningar.
- b. Við b-lið 1. mgr. bætist nýr málslíður er orðast svo: Verðbréf skv. 1. tölul. 1. mgr. 36. gr. falla ekki undir ákvæði þetta.
- c. Við c-lið 1. mgr. bætist: eða í verðbréfasjóðum innan sama rekstrarfélags.
- d. d-liður 1. mgr. fellur brott.

2. brtt.

Við 14. gr. frumvarpsins bætist: og ákvæði 11. gr. sem öðlast gildi 1. júlí 2009.

*Athugasemdir við breytingartillögurnar*

Um 1. brtt.

Með breytingartillögunni er í fyrsta lagi lagt til að í stað hugtaksins „lífeyrissparnaðarreikningar“ verði hutaði „innlánsreikningar“ notað þar sem það hefur skýrari merkingu. Í öðru lagi er lagt til að kveðið verði á um að verðbréf skv. 1. tölul. 1. mgr. 36. gr., ríkisvixlar, ríkisskuldabréf og skuldabréf tryggð með ábyrgð ríkissjóðs, falli ekki undir ákvæði b-liðs 1. mgr. 11. gr. frumvarpsins enda ekki eðlilegt að hömlur séu á eign þessara verðbréfa. Í þriðja lagi er lagt til að c- og d-liðir verði sameinaðir.

Um 2. brtt.

Með breytingartillögunni er lagt til að 11. gr. frumvarpsins taki ekki gildi fyrr en 1. júlí 2009. Nauðsynlegt þykir að veittur verði aðlögunartími á þetta ákvæði.